

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 4. málsl. 1. mgr. 57. gr. reglnanna bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Í námskeiðum sem kennd eru tiltekinn hluta misseris getur þó gilt sérstakur frestur til úrsagnar úr prófi, samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra í samráði við deildir, og skal fresturinn þá koma fram í upplýsingum um viðkomandi námskeið í kennsluskrá.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. júní 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2018